



FUNDARGERÐ

KYNNINGARFUNDUR UMHVERFISSTOFNUNAR FYRIR VATNASVÆÐIS-NEFND Á VATNASVÆÐI 2

Dags. fundar 4.10.12	13:00 – 16:00	Staður Reykjahlíðarskóla, Mývatni	Nr. fundar 5
Fundarstjóri: Jóhanna B. Weisshappel		Fundarritari: Jóhanna	
Fundarmenn: María Markúsdóttir og Þorkell, HNE, Gaukur Hjartarson, Norðurþingi, Ármann Viðar Sigurðsson, Fjallabyggð, Ingibjörg Björnsdóttir, Skútustaðahreppi, Jónas Vigfússon, Eyjafjarðasveit, Lárus Heiðarsson, Fljótsdalshreppi, Þorsteinn Bergsson, Fljótsdalshéraði, Andrés Skúlason, Djúpavogshreppi, Árni Einarsson, Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila, Bragi Vagnsson, Ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, Jóhanna Björk Weisshappel, UST.			
Afrit sent til: Vatnasvæðisnefndar á svæði 2			
Markmið fundar: Fara yfir inngangskafla og kafla um beina losun í fyrstu frumdrögum að stöðuskýrslu.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	
1	Opnun vinnufundar: Jóhanna fór yfir það hvað ætti að vera í stöðuskýrslu og á hvern hátt álagsgreining væri sett fram í skýrslunni. Einnig hvernig stöðuskýrslan mun síðan renna inn í vatnaáætlun og verður þar mun ítarlegri umfjöllun um ýmsa þætti.	JBW	
2	Helstu ákvarðanir, ábendingar og athugasemdir á vinnufundi: Árni kynnti stöðu kúluskítsins í Mývatni. Nauðsynlegt að nýta allar mælingar og rannsóknir sem hafa verið gerðir í viðtökum/vatnshlotum í stöðuskýrsluna. Ekki sammála því að taka eigi út nöfn fiskvinnsla og minni starfsemi úr stöðuskýrslunni eins og lagt var til á vinnufundi með nefnd á svæði 4. Breyta litamerkingum í áhættumati í Excel töflunum, ekki undir álagi=grænt, mögulega undir álagi=gult. Rúnna af persónueiningatölur. UST, senda út beiðni fyrir vorið 2013 um upplýsingar um hreinsivirkni á fráveituvatni mengandi fyrirtækja til HES um landið. Hvað verður gert varðandi gróðurhúsabyggðir? Spurning um að taka með inn í dreifðu losunina, landbúnaðinn? Setja inn gamla urðunarstaði, s.s. helst í Glerárdal Akureyri. Ath með að nota gögn um miltisbrandsgrafir í sveitum, veiran lifir í 500 ár. Einnig ath. Með GPS hnit á slíkum gröfum, setja inn í vatnaáætlun. Sigurður Sig. dýralæknir gæti vitað um grafir. Ath. Með rannsóknir Gunnars Steins hjá UST um að fá HES til að taka sýni, fríar mælingar á Ítalíu. Næstu skref: Jóhanna mun senda uppfærð drög að stöðuskýrslu (inngangskaflan og kaflan um beina losun) á næstu vikum til fulltrúana með ósk um að þeir lesi þau vandlega	JBW	



	yfir og afli upplýsinga/gagna sem enn vantar. Síðan mun hún senda aðra kafla síðar með tölvupósti til fulltrúana með ósk um að þeir lesi þá vandlega yfir og láti vita ef þeir hafa athugasemdir, viðbætur eða upplýsingar/gögn sem hægt er að nýta í þá kafla. Stefnt er að því að drög að stöðuskýrslu fari í kynningu í nóv. 2012 í sex mánuði.		
	Næsti fundur: Óákveðið.		

